

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/2139
Kommunagur 24/5 1996

Ályktun um réttindamál launafólks

Verkalýðshreyfingin ítrekar andstöðu sína við þau frumvörp ríkisstjórnarinnar um árásir á réttindi launafólks, sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi. Sameinuð íslensk verkalýðshreyfing hefur varað stjórnvöld við þeim yfiringi sem viðhafður er til þess að breyta samskiptareglum á vinnumarkaði. Verkalýðshreyfingin hefur einnig öll varað eindregið við þeim breytingum á réttarstöðu verkafólks og samtaka þeirra, sem samþykkt frumvarpanna hefði í för með sér.

Ef ríkisstjórnarflokkarnir beita meirihluta sínum á Alþingi með þeim hætti, sem nú er fyrirhugað, og hundsá sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar en styðja sjónarmið atvinnurekenda er ljóst að þeir valda miklu uppnámi í öllum samskiptum aðila á vinnumarkaði. Verkalýðshreyfingin telur að með samþykkt frumvarpanna muni ríkisstjórnin koma í veg fyrir að efnahagsbatinn nýtist til að efla atvinnulífið, bæta kjörin og tryggja stöðugleika.

38. þing Alþýðusambands Íslands skorar því á alþingismenn að stöðva framgang frumvarpa ríkisstjórnarinnar svo ráðrúm gefist til þess að fullreyna hvort samkomulag náist milli aðila vinnumarkaðarins um samskiptareglur sín á milli.

Þannig samþykki á
38. þingi í dag, 21. maí 1996 kl. 13³⁰
Jón Karlsson
Þingforseti.